

Stjórnarfundur FKA #9

Starfsár: 2025-2026

Staður: Borgartún 35

Dagsetning: 11.2.2026

Tími: 12.00 – 13.30

Mættar: Ingibjörg Salomé Sigurðardóttir (ISS), Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir (GHJ), Rósa Viggósdóttir (RV), Þórey Hafliðadóttir (PH), Margrét Hannesdóttir (MH) á Teams, Þuríður Aradóttir Braun (ÞAB), Jasmina Vajzovic (JV), Andrea Róbertsdóttir framkvæmdastjóri FKA (AR)

1 – Skýrsla framkvæmdastjóra – fjárhagur, styrktaraðilar, viðburðir framundar o.fl. (AR)

Mikið líf og fjölbreytt verkefni að vanda á skrifstofu.

Greinir frá breytingum sem eiga sér stað í tengslum við Jafnvægisvogina, sjá nánar lið 4.

Erindi barst frá Vestfjörðum, sjá nánar lið 3.

Fulltrúaráði hefur verið fylgt eftir.

Mikil ánægja er með nýyfirastaðna Viðurkenningarhátíð, skrifstofa sér um alla þætti að undanskyldri dómnefnd og kraftur er í starfi Sýnileikanefndar í verkstýringu RV.

Umræða á sér stað varðandi uppfærslu á upplýsingum í skráningarferli á heimasíðu, að það sé skýrt að skráning í félagið hafi félagsgjald í för með sér. Kemur iðulega upp að konur átta sig ekki á því.

Öðrum verkefnum og deildum gerð skil, svo sem viðburðum, markpóstum, framkvæmdum í húsi skrifstofu, þjónustu við félagskonur o.fl.

2 – Viðurkenningarhátíð eftirfylgni (ÞAB, AR)

ÞAB og AR lögðu fram greinargott minnisblað um framkvæmd Viðurkenningarhátíðarinnar fyrir fund, þar sem fram kemur yfirlit yfir framkvæmd hennar og tillögur að umbótum fyrir næstu hátíð. Þar kemur m.a. fram að nauðsynlegt verði að finna annan sal en á Grand vegna fyrirhugaðra framkvæmda á tímabilinu október 2026 til apríl 2027.

Óskað var eftir ábendingum frá stjórn um atriði sem betur mætti fara eða vanti upp á í undirbúningi. Markmiðið er að skráning og verklag auðveldi þeim sem taka við skipulagningu hátíðarinnar síðar, þannig að góð yfirsýn liggi fyrir um framkvæmdina í ár.

Farið er yfir að ekki sé starfandi sérstök nefnd um hátíðina, líkt og fyrir Sýnileikadaginn, en núverandi fyrirkomulag hefur reynst vel. Umræða á sér stað hvort þörf sé á að skipa nefnd að svo stöddu. Stjórn sinnir þeim verkefnum sem henni ber, m.a. hlutverki á hátíðardegi og aðkomu að skipun dómnefndar, auk annarra tengdra verkefna.

Viðeigandi gögn hafa verið vistuð á Teams. Umræður fara fram um möguleika á að einfalda verkferla enn frekar með skýrari ferlum og betri uppsetningu verkefnastjórnunar, t.d. með notkun Teams Planner.

Kostnaður við framkvæmd hátíðarinnar er innan fjárhagsáætlunar og reyndist lægri en áætlaður raunkostnaður, sem rekja má til útsjónarsemi og tengslanets AR.

Ekki er talin þörf á nefnd að svo komnu máli. ÞAB og AR skoða að uppfæra minnisblaðið.

3 – FKA Vestfirðir endurvakið, erindi (AR)

Erindi barst skrifstofu frá Vestfjörðum þar sem konur lýsa áhuga á að endurvekja deildina á svæðinu og blása nýju lífi í starf FKA. Gott samtal á sér stað og bjartsýni ríkir um farsælt samstarf. Samkvæmt skráningu eru tvær félagskonur að svo stöddu með búsetu á Vestfjörðum.

Umræða um hvernig málum hefur verið háttað varðandi landsbyggðardeildir þegar þær eru í startholunum og hvernig best væri að hefja öflugt félagsstarf á þessu svæði, meðal annars með fjárstuðning fyrir stofnfund o.fl.

Stjórnin fagnar erindinu og lýsir mikilli ánægju með frumkvæði og jákvæðan vilja til verka. AR tekur að sér að svara því og styðja við næstu skref í uppbyggingu starfsins á Vestfjörðum.

Ákvörðun var tekin að leggja til 50.000.- krónur til að halda stofnfund.

4 – Formaður og verkefnastjóri Jafnvægisvogar (AR, MH)

Ásta Dís Óladóttir, formaður Jafnvægisvogarráðs og Bryndís Reynisdóttir verkefnastjóri hafa sagt störfum sínum lausum frá og með febrúar 2026.

AR átti samtal við þær í kjölfar ákvörðunarinnar og lagði fram tillögu að nýjum formanni. Að lokinni kosningu innan Jafnvægisvogarráðs var ákveðið að bjóða Erlu Ósk Ásgeirsdóttur formennsku. Hún tók erindinu fagnandi og hefur samþykkt að gegna hlutverkinu. Öllum fulltrúum í Jafnvægisvogarráði var gefinn kostur á hlutverkinu, en ekkert þeirra lýsti yfir áhuga.

Stjórn samþykkir að auglýsa stöðu verkefnastjóra og ráða í hana að undangengnu hefðbundnu ráðningarferli, með áherslu á gagnsæi og jafnræði umsækjenda. Formaður mun hafa veigamikili hlutverk við val á umsækjanda.

Nýverið var haldinn fundur þar sem fráfarandi verkefnastjóri fór yfir helstu verkefni og árangur síðustu ára. Umræðan undirstrikaði styrk og fagmennsku starfsins undir stjórn Ástu Dísar, Bryndísar og ráðsins. Að ráðningu lokinni verður haldinn annar fundur þar sem farið verður yfir tímalínu fram að næstu hátíð, efni á Teams (vinna við að færa inn eldra efni er á lokastigi), næstu skref í samstarfi við styrktaraðila, skýrslugerð til ráðuneytis, samskipti við ráðið og skrifstofu FKA o.fl. Bryndís mun jafnframt vera nýjum verkefnastjóra innan handar eftir þörfum þegar nær dregur næstu hátíð.

Boðað hefur verið til fundar 27. febrúar nk. með nýjum og fráfarandi formanni ásamt verkefnastjóra. Þar verður Erla Ósk formlega boðin velkomin og upplýst um stöðu verkefnisins.

Stjórn ræðir jafnframt nýjar hugmyndir að þróun og eflingu hátíðarinnar með það að markmiði að auka sýnileika hennar og undirstrika mikilvægi hennar í íslensku atvinnulífi. Undirbúningur næstu hátíðar, sem fram fer 15. október nk., er þegar kominn vel af stað.

Stjórn og framkvæmdastjóri færa Ástu Dís og Bryndísi þakkir fyrir óeigingjarnt og farsælt starf á liðnum árum og óska þeim velfarnaðar í nýjum verkefnum. Að auki óskum við Erlu Ósk hjartanlega velkomna um borð og óskum henni velfarnaðar í sínum störfum.

5 – Alþjóðadagur, dags, atriði, boðslisti (JC, AR)

Alþjóðlegur kvennadagur er haldinn 8. mars ár hvert og er hann tileinkaður baráttu kvenna fyrir jafnrétti, mannréttindum og bættum stöðum í samfélaginu. Í ár ber þennan dag upp á sunnudegi.

Ákveðið var eftir fund með alþjóðanefnd að skipuleggja hádegisverð á VOX í hádeginu föstudaginn 6. mars á milli klukkan 12:00 – 13:30. Viðburðurinn er haldinn í samstarfi við New Icelanders og samanstendur af mat, erindi, samveru og söng. Gert er ráð fyrir um 50 gestum.

Guðríður Sigurðardóttir, formaður Menntunarsjóðs Mæðrastyrksnefndar og Marly Gomes, formaður FKA New Icelanders munu deila hvetjandi sýn á mikilvægi menntunar og samstöðu kvenna.

Boðslisti verður sendur út til allra stjórna, nefnda, deilda og Jafnvægisvogarráðs.

6 – Framfylgni laga frh og umræða, kjörstjórn, ráð og aðalfundur s.s. staður (ISS, GHJ)

Framhald liður 5 fundargerð 8. GHJ ítrekar og biður stjórn um að lesa yfir yfirlit sem er á Teams og setja þar inn athugasemdir/ábendingar til handa breytingum á lögum félagsins.

Hafdís Perla er lögsögukona og er reiðubúin að starfa áfram sem slík. GHJ kemur til með að hafa samband við aðrar lögsögukonur í vikunni. Elfur Logadóttir er reiðubúin að vera í ráðgefandi stöðu ef þörf er á.

Fram kemur að ef breyta á lögum á næsta aðalfundi þá þarf það að vera á hreinu á hvaða tímapunkti þær breytingar taka gildi þannig að ef t.d. verður gerð breyting á fjölda kvenna í stjórn FKA muni þær breytingar taka gildi samstundis á fundi og kosið í þau hlutverk.

7 – Sýnileikadagurinn (RV)

Farið er yfir stöðu verkefnisins og stjórn upplýst um að undirbúningur gangi samkvæmt áætlun og sé á réttum tíma.

RV leggur fram glærur og kynnir stöðu dagskrár, en fyrirlesarar eru nú þegar orðnir margir og dagskráin óðum að fyllast. Nefndin fundar reglulega og er mikill kraftur í starfinu.

Undirbúningur er samkvæmt plani og góður fyrirvari á öllu. Boðað hefur verið til fundar með öllum hlutaðeigandi 26. febrúar nk. í Vinnustofu Kjarvals og á Teams, þar sem fyrirlesarar munu hittast, bera saman bækur sínar og fá betri tilfinningu fyrir fyrirkomulagi dagsins. Tímarammi fyrir skil á efni, þ.m.t. myndum, yfirskriftum og öðru kynningarefni, hefur verið sendur út.

Fundarstjórar dagsins verða Hera Björk Þórhallsdóttir og Hjördís Dröfn Vilhjálmsdóttir, sem báðar sitja í nefndinni.

Samskipti við styrktaraðila ganga vel. Fundur hefur farið fram með Blue Lagoon Skincare varðandi aðkomu þeirra að deginum.

8 – Ferð vegna Kvennanefndarfundar UN í mars, styrkur o.fl. (ISS, JC)

Árleg ráðstefna Commission on the Status of Women (CSW) fer fram í New York í mars nk. Ráðstefnan er ein sú stærsta á heimsvísu á sviði jafnréttismála og þar koma saman fulltrúar ríkja, frjáls félagasamtök, sérfræðingar og leiðtogar úr atvinnulífi.

FKA barst boð um þátttöku og lýsti JC yfir áhuga á að sækja ráðstefnuna sem fulltrúi félagsins. Stjórn samþykkti einróma að hún færi fyrir hönd FKA. Veittur verður ferðastyrkur frá Dómsmálaráðuneyti Íslands og FKA til að mæta kostnaði.

JC mun skila skýrslu til stjórnar að heimkomu og leitast við að miðla efni frá ráðstefnunni á samfélagsmiðlum félagsins. RV mun taka við hana viðtal fyrir brottför og jafnframt kanna möguleika á viðtali að heimkomu

9 – Önnur mál

- **Kanadíska sendiráðið**
Greiddur var styrkur til félagsins árið 2025. Atvinnurekenda Auður verður í sambandi við sendiráðið uppá að skipuleggja viðburð með sendiráðinu. ***ISS tekur þetta áfram með þeim.***
- **Fulltrúaráð sett af stað á fundi 12. janúar sl. (ISS)**
Búin að senda þakklæti á alla viðeigandi og þakka fyrir fundinn.
- **Aðalfundur Atvinnurekenda Auðar**
Aðalfundur verður haldinn á haustdögum 2026.

Fundi slitið 13.55.

Fundinn ritar Rósa Viggósdóttir ritari.